

**Ed. 467. Frumvarp til laga [193. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.

Flm.: Einar Ágústsson, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurjóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 10, Reykjavík, hluta, nánar tiltekið 0.53 ha. skv. meðfylgjandi uppdrætti, úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. Verð jarðarhlutans fer eftir samkomulagi, en að öðrum kosti skal það ákveðið að mati tveggja dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Árið 1959 keypti Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, 3.15 ha., af þáverandi eiganda jarðarinnar, Guðmundi Tryggvasyni. Hóf hann þegar mikla trjárækt í landi sínu, og hefur hann nú gert þennan reit einn hinn fegursta í þessum landshluta, eins og allir þeir, er leið eiga um Vesturlandsveg, geta kynnt sér af eigin raun.

Nú hefur Sigurjón þegar fullræktað eignarland sitt og hefur hug á því að halda ræktun áfram, en vantar til þess nokkuð aukið landssvæði.

Spilda sú, sem hér um ræðir, er aðeins hálfur hektari og hefur engin áhrif á notagildi jarðarinnar fyrir núverandi eiganda hennar, ríkissjóð.

Flutningsmönnum finnst vel við eigandi að þakka Sigurjóni Guðmundssyni frá-bær störf hans í þágu skógræktar og landgræðslu með því að gefa honum kost á að kaupa það land, sem hann hefur hug á að eignast til áframhaldandi ræktunarstarfa.

